

Til Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur

Afrit sent til borgarfulltrúa meirihlutans í Reykjavík

Dags.: 01. apríl 2025

Efni: Ábendingar varðandi samstarfsyfirlýsingu meirihluta í Reykjavík 2025: Efling skólabókasafna í grunnskólum Reykjavíkur

Kæru fulltrúar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur,

Í Samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um lífsgæði í Reykjavík (2025) er eftirfarandi ákveðið: “Auknum fjármunum verður veitt til skólabókasafna til að stórefla og glæða lestraráhuga barna...”

Félag fagfólks á skólasöfnum (FFÁS), Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða og Kjaradeild bókasafns- og upplýsingafræðinga hjá stéttarfélaginu Visku fagna þessari yfirlýsingu og vilja koma hér á framfæri áriðandi ábendingum er varða mikilvægi skólasafna í grunnskólum Reykjavíkur og hvetja til markvissrar eflingar þeirra. Skólasöfn gegna lykilhlutverki í námi og þroska nemenda, þau eru ekki aðeins geymslustaðir bóka heldur einnig miðstöðvar upplýsingalæsis, lestrarhvatningar og gagnrýnninnar hugsunar. Því er brýnt að þau fái aukinn stuðning og úrbætur.

Rannsóknir sýna að öflug skólasöfn með vel menntuðum bókasafns- og upplýsingafræðingum og stöðugu fjármagni til aðfangakaupa hafa jákvæð áhrif á lesskilning, námsárangur og lestraráhuga nemenda. Staða skólasafna í grunnskólum Reykjavíkur er mjög misjöfn, bæði hvað varðar aðgengi að fagmenntuðu starfsfólki og gæðum safnkosts. Þau hafa frá hruni mætt markvissum niðurskurði með fækkun starfsgilda, minna fjármagni til aðfangakaupa og verið rekin eftir hentisemi og áhuga skólastjórnenda varðandi ráðstöfun fjármagns innan skólastofnanna. Í reynd hefur skert starfsemi skólasafna verið vinsæl leið til hagræðingar, þrátt fyrir ábendingar um mikilvægi þeirra í starfsemi skóla sem er tilgreind í lögum 150/2012.

Í ljósi þessa leggjum við til eftirfarandi úrbætur til hagsbóta fyrir nemendur þegar kemur að lestri og upplýsingalæsi:

- **Fagmenntað starfsfólk á hverju skólabókasafni**

Tryggja að sérmenntaðir bókasafns- og upplýsingafræðingar séu starfandi í öllum grunnskólum borgarinnar með leiðbeinandi eða skilyrtum tilmælum um starfsgildi sem hluta af þjónustu við nemendur. Fagmenntað starfsfólk breytir skólasafninu úr safni bóka í öflugt lærdómssetur með örvandi og lestrarhvetjandi umhverfi og vel samsettum safnkosti. Fagaðili á skólasafni fylgist grannt með útgáfu barna- og unglingabóka, svo og útgáfu fræðibóka á íslensku og getur kynnt nýjar bækur fyrir nemendum skólans, t.d. með bókakynningum á safninu. Fagmenntað starfsfólk er, í samstarfi við kennara skólans, í lykilaðstöðu til að efla lestrarmenningu innan skólanna.

- **Öll skólasöfn hafi aðstöðu við hæfi**

Tryggja þarf skólasöfnum ákveðið rými innan skóla sem hentar starfsemi þeirra og markmiðum. Þegar skólar glíma við plássleysi hefur borið á því að bókakostur skólasafnsins sé settur á marga mismunandi staði innan skólans eða á ganga skólans og aðstaða skólasafnsins sé notuð undir aðra kennslu. Þetta hefur ekki reynst góður kostur fyrir starfsemi skólasafnsins. Gæta þarf sérstaklega að því að öll útlán séu skráð í útlánakerfi bókasafnanna þannig að rithöfundar fái greitt fyrir lestur verka sinna eins og lög gera ráð fyrir.

- **Jafnt aðgengi að nýjum og fjölbreyttum safnkosti**

Gæta þarf að jafnræði ríki við úthlutun fjármagns til bókakaupa á milli skólastofnananna. Þær upphæðir sem hvert skólasafn fær til innkaupa þurfa að vera reiknaðar þannig að annars vegar fái hvert safn ákveðna grunnupphæð, sem tryggir að safnið geti keypt nýjar skáldsögur, fræðibækur og að mögulegt sé að endurnýja úr sér genginn safnkost og bekkjarsett eftir þörfum. Hins vegar þarf aðra lágmarksupphæð sem er miðuð við nemendafjölda, því ljóst er að stærri skólar þurfa fleiri eintök af bókum. Slíkt fyrirkomulag er nauðsynlegt til að tryggja jafnræði meðal nemenda í borginni og til þess að tryggja eðlilega uppbyggingu skólasafnanna.

- **Tryggt fjármagn til bókakaupa og safnkosts**

Víða þarf að bæta úr skorti á nýjum og fjölbreyttum bókum á skólasöfnum. Bækurnar þurfa að höfða til allra nemenda, óháð lestrargetu, móðurmáli og áhugasviði. Til þess þarf að tryggja aukið fjármagn til bókakaupa, tímaritaáskrifta og til kaupa á öðrum safnkosti.

Þetta fé þarf að vera eyrnamerkt skólasafninu. Skólastjórnendum á ekki að vera heimilt að ráðstafa því fé í annað eða draga úr fjármagni til skólasafns í hagræðingaskyni.

- **Öflugra samstarf skólasafna og kennara**

Hvetja þarf til betri samþættingar bókasafns við kennslufræði og námsefni í grunnskólum með samstarfi kennara og upplýsingafræðinga. Bent er á að aukin innkaup bóka frá innlendum birgjum hafa lítið að segja ef skólasafnið er lokað, ómerktar bækur eru í kössum og engin fagmanneskja er til staðar til að styðja við nemendur og kennara í eflingu á lestri.

- **Lengri opnunartími, aukið aðgengi**

Tryggja þarf að nemendur hafi greiðan aðgang að skólasafninu meðan á skólatíma stendur og að safnið sé ekki lokað í hagræðingarskyni, t.d. með skertu starfshlutfalli.

- **Notkun nútímatækni og stafræns efnis**

Styðja þarf betur við rafræna bókakosti, raf- og hljóðbækur og aðrar lausnir sem styðja fjölbreyttan lestur með eyrnamerktu fé í rekstri safna og/eða þróunarsjóðum sem skólasöfn og samsteypusöfn geta sótt í til þróunar á starfsemi sinni.

- **Heimsóknir rithöfunda**

Jafna þarf stöðu barna þegar kemur að því að fá rithöfunda í heimsókn á skólasöfn. Eins og staðan er í dag fá sumir skólar bara heimsóknir frá rithöfundum sem taka ekkert eða mjög lítið fyrir heimsóknir á meðan aðrir skólar eru reiðubúnir að greiða fyrir heimsóknir. Höfundar eiga rétt á greiðslum fyrir kynningar í skólum samkvæmt töxtum Rithöfundasambands Íslands og því þarf að tryggja skólasöfnum þann möguleika að fá rithöfunda í heimsókn því þær hafa ótvírætt gildi fyrir lestraráhuga barna.

- **Öflug miðlæg þjónusta**

Tryggja þarf að starfsfólk skólabókasafna hafi öflugan vettvang til að þróa starf skólasafnanna og að hugað sé að starfsþróun og faglegum vinnubrögðum á skólasöfnum með fræðslu, eftirliti og faglegum stuðningi. Með öflugri miðlægri þjónustu, eins og skólasafnamiðstöð sem kveðið er á um í þingsályktunartillögu um Bókmenntastefnu 2025-2030, gefst tækifæri til að nýta fjármuni betur. Skólasafnamiðstöð getur stutt við starfsemi skólasafna með því að útbúa bekkjarsett bóka, útvegað lesefni á mörgum tungumálum, móðurmálum nemenda og ýtt undir ýmis lestrarhvetjandi verkefni sem mikil vöntun er á í dag.

Með þessum aðgerðum væri hægt að glæða lestraráhuga nemenda, efla læsi þeirra í víðum skilningi, styrkja námsárangur og gera skólasöfn að lifandi þekkingar- og menningarmiðstöðum.

Við skorum á skóla- og frístundaráð að setja þessi mál í forgang og stuðla þannig að auknu jafnræði, betri menntun og aukinni velferð barna í Reykjavík.

Félag fagfólks á skólasöfnum, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða og Kjaradeild bókasafns- og upplýsingafræðinga eru boðin og búin að veita ráðgjöf varðandi þetta málefni.

Við erum tilbúnar að mæta á fund til samtals ef óskað er.

Með von um jákvæð viðbrögð og aðgerðir,

Jónella Sigurjónsdóttir, formaður Félags fagfólks á skólasöfnum (FFÁS), jonella@brak.is

Þórný Hlynisdóttir, formaður Upplýsingar - félags bókasafns- og upplýsingafræða
upplysing@upplysing.is

Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar, formaður Kjaradeildar bókasafns- og upplýsingafræðinga í Visku stéttarfélagi, kristjana@viska.is